

Nr. 1215

22. desember 2005

GJALDSKRÁ um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorhirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

Sorhirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaðarhlutdeild við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorhirðugjald skal vera kr. 11.500 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorhirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalfa.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorhirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á auka-gjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2006.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 22. desember 2005.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2006